STÆRRA BLAÐ – NÚ 12 SÍÐUR!

# Fréttapíp

Fréttarit Félags pípulagningameistara

Nr. 15 – Mars 2021

# Sótt var að löggildingu sumra iðngreina

## Félag pípulagningameistara, ásamt fjölda annarra samtaka mótmæltu harðlega – Frumvarpið var afturkallað

Ágætu félagar.
Það er ánægjulegt að nefna hér í upphafi þessa pistils að búið er að fjarlægja af málaskrá Alþingis frumvarpið þar sem átti að afnema löggildingu sumra iðngreina. Fjöldi samtaka, þeirra á meðal Félag pípulagningameistara (FP), mótmæltu harðlega þessu fyrirkomulagi, enda var búið að sýna fram á að í skýrslu OECD var fjöldinn allur af rangfærslum.
Í upphafi skyldi endinn skoða, segir í máltækinu.
Umrædd kýrsla er frá OECD um samkeppnishæfni Íslands í ferða- og byggingariðnaði sem iðnaðarráðherra lét gera.
Nokkrum vikum áður en skýrslan kom út birtist blaðagrein frá ráðherra þar sem hún minntist á að núna sé tíminn til að endurskoða löggiltar iðngreinar, tilvitnun hefst: „Ég veit að það er viðkvæmt að ræða um lögvernduð starfsheiti, en hér á Íslandi erum við komin út úr öllu korti hvað fjölda þeirra varðar og eins er ferillinn frá sveinsprófi til meistarabréfs orðinn meiriháttar samkeppnishindrun. Að ógleymdum öllum leyfunum, gjöldunum og öðru slíku, sem að mati OECD er margt hreinasti óþarfi.“ (Greinin birtist í Morgunblaðinu 4. október 2020).
Vissulega hafa margir tjáð sig um skýrslu OECD og bent á ýmsar rangfærslur þar eins
*–Sjá framhald greinar á bls. 3.*

**Ríflega 6500 ofnar á nýja ofnalager Vatnsvirkjans** – Sjá bl. 5

**Meira en 400 Skólphreinsivirki frá Graf seld á 5 árum** – Sjá bl. 4

**Tengi afhendir stærstu alsjálfvirku frístandandi fituskiljuna** – Sjá bls. 9

**Lagnafélag Íslands – Grétar Leifsson nýr framkvæmdastjóri** – Sjá bls. 5




*Á myndinni hér að ofan er harðsnúið lið kennara við Pípudeild Tækniskólans. Var bætt í hóp kennara Pípudeildarinnar vegna gríðarmikillar aðsóknar í námið (sjá grein á bls. 3); þar eru á vorönn eru rúmir 140 nemendur og vel yfir 30 í kvöldskólanum, auk þess sem tugir eru á biðlista. Svo ekki veitti af auknum liðsafla. Talið frá vinstri: Magnús Þór Guðmundsson, Helgi Hrafn Þorláksson, Böðvar Ingi Guðbjartsson, Magnús Björn Bragason, Benedikt Sverrisson og Gunnar Ásgeir Sigurjónsson.*







# Fróðleg upplýsinga- síða Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um byggingarvörur

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun heldur úti upplýsingasíðu um byggingarvörur.
Markaðseftirlit er megintilgangurinn; en undir þann lið heyra m.a. Reglur um markaðseftirlit, framkvæmd markaðseftirlits, skoðunarhandbækur og markaðskannanir.
Á upplýsingasíðunni er farið gaumgæfilega yfir þessa þætti og hlutverk stofnunarinnar þar að lútandi.
Sem dæmi má nefna CE merkingar byggingavara, prófanir og úttektir hvað það varðar. Er stuðst við lög um byggingarvörur nr. 114/2014 við framkvæmd eftirlitsins. Nánari upplýsingar eru á www.hms.is.

# Vatnsvirkinn færir Pípudeild Tækni- skólans góðar gjafir

Vatnsvirkinn færði Pípulagningadeild Tækniskólans góðar gjafir á dögunum. Annarsvegar er um að ræða dælur sem gefnar voru í samstarfi við BIRAL dæluframleiðandann og hinsvegar KORADO ofnar.
Hvorttveggja mun nýtast vel við kennsluna í pípudeildinni.
Með góðum kveðjum sem fylgdu gjöfunum frá forráðamönnum Vatnsvirkjans, þá sagði meðal annars:
„Það er okkur heiður að geta stutt við þá framúrskarandi menntun sem fer fram við Tækniskólann, og stuðlað að því að nemendur fái í námi sínu að kynnast nýjasta búnaði og efni sem er á markaðnum."



*Á myndinni hér að ofan er Böðvar Ingi Guðbjartsson, pípulagningameistari, kennari við Pípudeild Tækniskólans, með BIRAL dælurnar fyrir framan sig.*




# Sótt var að löggildingu sumra iðngreina

*– framhald greinar af forsíðu.*
og t.d. að Íslendingar lögvernduðu flestar starfsgreinar allra Evrópuríkja, sem er ekki rétt. Hægt er að lesa nánar um þessa röngu fullyrðingu í grein eftir Sigurð Má Guðjónsson, „Lögleiðing á fúski?“ (Greinin birtist í Morgunblaðinu 23. nóvember 2020).
Það að afnema löggildinguna hefur ekkert með samkeppnishæfni að gera og lægri gjöld til neytenda. Löggilding iðngreina er trygging fyrir neytendur á því að sá sem vinnur verkið hefur lokið við menntun og er hæfur til að vinna verkið.
Stefnt er að því að boða til aðalfundar FP fyrir maí eins og lög félagsins gera ráð fyrir. Stjórn FP fylgist grannt með framvindu Cov-19 og vonar að hægt verður að slá í eina kærkomna veglega árshátíð samhliða aðalfundi. Fjöldi mála hafa verið í mótun hjá stjórn FP og erum við spenntir að kynna öll þau mál á næsta aðalfundi FP. Við höldum í vonina og stefnum á aðalfund 17. apríl 2021. Vonandi verða samkomutakmarkanir rýmkaðar til að hægt verði að halda aðalfundinn en vissulega er óvissa með árshátíðina.
Reglulega bætast við nýir félagsmenn inn í FP. Það er styrkur fyrir fagið okkar og pípulagnir að pípulagningameistarar séu sameinaðir. Hagsmunir okkar í FP eiga góða samleið með neytendum.



*Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður. Félags pípulagningameistara,*

Það verður áhugavert að sjá á næstu misserum þróunina hjá Mannvirkjastofnun. 1. janúar 2020 sameinuðust Íbúðalánasjóður og Mannvirkjastofnun þar sem húsnæðis- og mannvirkjamál verða á einum stað. Nýja nafnið er Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS). Með sameiningunni er vonast til þess að heildstæðari yfirsýn náist varðandi húsnæðis- og mannvirkjamál á einum stað. Áhugavert verður að fylgjast með þróunina á gæðakerfinu sem iðnmeistarar eru skyldugir til að hafa ef þeir ætla að taka að sér verkefni sem eru úttektarskyld.
Að lokum þessa pistils skulum við muna að Fallegt handverk krefst mikillar leikni og samhæfingar hugar og handa. Löggilding iðngreina er gæðatryggingin fyrir iðngreinarnar.

**Skólamálin – Böðvar Ingi Guðbjartsson:**

# Tæplega 180 nemar á vorönn í Pípulagnadeild Tækniskólans

Það var virkilega ánægjulegt að hefja vorönn 2021 í staðnámi og þurfa ekki að vera með kennslu í gegnum fjarfundabúnað. Í Pípulagnadeild Tækniskólans eru rúmlega 140 nemendur í dagskóla og tæp 30 nemendur í kvöldskólanum. Nemendur í pípulögnum eru því tæplega 180 og tugir eru ennþá á biðlista.
Tækniskólinn hefur lagt sitt að mörkum og sjötti kennarinn hefur bæst við og eru þrír af þeim verktakar í kennslu. Einnig hefur kennslurýmið verið stækkað til muna. Ennþá er 2 m reglan á milli nemenda og andlitsgrímur eru skylda. Samhliða námi þurfa nemendur að komast á námssamning og eru pípulagningameistarar hvattir til að taka nemendur á námssamning. Hægt er að sækja um styrki hjá Rannís varðandi að vera með nemanda á námssamningi.
Þörfin fyrir nýliðun í pípulögnum er einn á hverja tíu þúsund íbúa á tíu ára fresti. Þann 1. janúar 2020 voru landsmenn um 364 þúsund. Samkvæmt því ættum við að vera að útskrifa um 36 sveina á ári sem samsvarar endurnýjun um 360 pípara á tíu ára fresti. Hægt er að segja að það er af sem áður var þegar félög meistara, þar á meðal FP, ákváðu hver nemendafjöldi ætti að vera ár hvert og var þá stuðst við þörfina á markaðnum. Í dag eru þeir sem taka sveinspróf í pípulögum rétt um 25 nemendur á hverju ári. Það er augljóst að þörfin eftir pípulagningamönnum er mikil og helst í hendur við mikla þörf á nýju íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu. Framtíðin er björt í byggingariðnaðinum.



*Nemar á skólabekk í Sumarskólanum 2020.*







# Hvammshólar hafa sl. fimm ár selt vel á fimmta hundrað skólp-hreinsivirki frá Graf í Þýskalandi



Eigandi Hvammshóla er Sigurður Viggó, pípulagningameistari. Hann hefur yfir 15 ára reynslu í sérhæfðum lausnum í hreinsun á skólpi.

Hvammshólar ehf. hafa frá því árið 2015 flutt inn og selt búnað frá Graf í Þýskalandi til hreinsunar á skólpi með lífrænum hætti. Segja má að vörurnar hafi hitt í mark og seld hafa verið á fimmta hundrað hreinsivirki um allt land. Vinsælastar eru lausnir sem krefjast ekki rafbúnaðar en fyrirtækið er með lausnir sem henta öllum landsvæðum og kröfum til hreinsunar vegna til dæmis nálægðar við vötn og önnur viðkvæm svæði.
Sigurður Viggó pípulagningameistari er eigandi Hvammshóla og hefur sérhæft sig í hreinsun á skólpi síðastliðin 15 ár. Hann veitir sérhæfða ráðgjöf við val á lausnum þar sem hvert verkefni er sérstakt og taka þarf mið af gerð húss eða starfsemi svæðis, fjölda notenda og hver viðtakandinn er. Lausnirnar gefa allar að lágmarki þriggja þrepa hreinsun og má rekja vinsældir varanna til mikillar hreinsigetu (allt að 99%) auk hagstæðs verðs og framúrskarandi þjónustu.

Vinsælasta lausnin er Graf Anaerobix hreinsivirki/rotþró með síu sem ekki krefst rafmagns. Galdurinn felst í ferðalagi skólpsins þar sem þungu efnin falla niður á botn og léttari svifagnir leita upp á yfirborð, fara þar inn í síu sem grípur þær á leiðinni út úr tanknum. Úr verður yfir 90% hreinsun. Þessi lausn býður upp á þann möguleika að breyta tanki síðar meir í skólphreinsistöð. Graf Anaerobix hreinsivirkið er til í mörgum stærðum, allt frá 3 til 600 notendum.

Hvammshólar bjóða einnig öflugar Graf One-2clean skólphreinsistöðvar fyrir 5-50 notendur sem hreinsar skólp með lífrænum hætti allt að 99% og minnkar eColigerla um 99.9%. Um er að ræða eitt til tvö tankhólf þar sem hreinsun fer fram tvisvar á sólarhring og hentar lausnin vel á þeim svæðum þar sem gerð er rík krafa um mikla hreinsun. One2clean skólphreinsistöðin uppfyllir allar kröfur Umhverfisstofnunar um ítarlegri hreinsun á köfnunarefni og fosfór þar sem viðtaki er viðkvæmur eins og í kringum vatnasvæði Þingvallavatns eða á Mývatni. Hægt er að fá margvíslegan aukabúnað, þann sama og sagt er frá í umfjöllun um Graf Klaro hér á eftir en sú skólphreinsistöð annar enn fleiri notendum.

Graf Klaro XXL skólphreinsistöðvarnar henta 50-750 notendum (10.000 – 150.000 ltr. á sólarhring). Hreinsigeta Graf Klaro XXL er allt að 98% og fer hreinsunin fram með lífrænum hætti. Hægt er að hliðtengja tvær stöðvar sem stækkar stöðina þannig að afköst aukast um helming. Í aðalatriðum vinnur Klaro XXL í tveim skrefum. Hólfin eru tvö. Fyrst skal telja geymslu á óhreinsuðu skólpi í seyruhólfi og þar á eftir hreinsun á skólpi í lokuðu hreinsihólfi. Hreinsun fer fram fjórum sinnum á sólarhring. Ýmis aukabúnaður fæst frá Graf sem hægt er að „prjóna“ við lausnina. Má þar telja búnað til lækkunar köfnunarefnis, til aukinnar fosfórhreinsunar og/eða til að fækka gerlum í hreinsuðu frárennsli við útdælingu með UV geislun. Einnig fæst fjarstýrður eftirlitsbúnaður sem gefur upplýsingar um bilanir og stöðu, auk þess sem hægt er að bilanagreina og gera við með fjarrænum hætti.

Hjá Hvammshólum má einnig fá hreinsivirki fyrir grávatn, fituskiljur, olíuskiljur og regnvatnslausnir. Einnig má minnast á siturtanka fyrir aftan gamlar rotþrær. Með þeirri lausn er verið að færa mestalla hreinsunina inn í rotþró og siturtank í stað þess að láta minna hreinsað affall fara í siturbeð.

Frekari upplýsingar má fá hjá Sigurði Viggó í síma 660 4085 og á siggi@hvammsholar.is.




**Hreinsivirkin frá Graf í Þýskalandi reynast vel við íslenskar aðstæður og henta bæði fyrir stærri og smærri notendur eða frá 3 til 750 notendur.**


IÐAN fræðslusetur

**Áhugaverð námskeið á næstunni**

# Vatnsúðakerfi – Sprinkler (staðnám)

Pípulagningamenn – Námskeiðið er ætlað pípulagningamönnum með full sveins- og meistararéttindi og er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun sem gefur út leyfi til þeirra sem ljúka prófi með fullnægjandi árangri. Farið er yfir hönnun vatnsúðakerfa, staðla, lög og reglugerðir sem eru í gildi. Einnig er farið yfir lagnaefni sem notað er í vatnsúðakerfi sýnd virkni þeirra í sprinkler kennslukerfi IÐUNNAR sem er uppsett í Vatnagörðum. Öllum er frjáls þátttaka á námskeiðnu en einungis pípulagningameistarar öðlast réttindi til að hafa eftirlit með kerfunum.

Tveir kennsludagar: Föstudagur 16. apríl 2021 kl. 13:00-19:00
Laugardagur 17. apríl kl. 08:00-19:00.

Lengd 16 klukkustundir.

Kennarar: Gudmundur Gunnarsson, byggingaverkfræðingur og Egill Ásgrímsson, pípulagningameistari.

Staðsetning: IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, upplýsingar og skráning á idan.is.




# Vatnsvirkinn með yfir 6500 KORADO ofna til afhendingar á glæsilegasta ofnalager landsins

Guðlaugur Garðar Lárusson hefur tekið við umsjón með ofnasölunni í Vatnsvirkjanum, sem er í miklum vexti þessa dagana. Til að bregðast við auknum umsvifum í ofnasölunni hefur Vatnsvirkinn komið sér upp vöruhúsi í ríflega 1000 m² húsnæði á Skemmuvegi 36, þar sem ofnar eru afgreiddir samdægurs.

„Við erum með yfir 6500 ofna á lager og fáum sendingar í hverri viku. Aðalbirginn hjá okkur er KORADO, ofnaframleiðandi sem hefur verið á markaðnum hérlendis í fjölda ára við góða reynslu.

Einnig erum við í góðu samstarfi við fjölda birgja og getum útvegað pottofna, gólfofna og handklæðaofna í ýmsum litum og gerðum. Ef ofn á að vera meira en hiti, þá getum við útvegað hann. Við vinnum einnig hverskonar sérpantanir með hönnuðum og öðrum viðskiptavinum okkar,“ segir Guðlaugur í stuttu spjalli við Fréttapíp.







*Guðlaugur Garðar Lárusson er hér við skrifborðið í höfuðvígi sínu í Vatnsvirkjanum. Á innfeldu myndinni stendur Guðlaugur við hús ofnalagersins á Skemmuvegi 36.*



## Lagnafélag Íslands: Grétar Leifsson vélaverkfræðingur tekinn við sem framkvæmdastjóri félagsins

Grétar Leifsson vélaverkfræðingur, sem er með áratuga starfsreynslu sem efnissali og hönnuður, hefur tekið við starfi sem framkvæmdastjóri Lagnafélags Íslands. Lagnafélagið er 34 ára og hefur staðið fyrir öflugu starfi með námskeiðum, ráðstefnum, blaðagútgáfu, viðurkenningum og öflugu tengslaneti ólíkra aðila sem vinna að uppbyggingu og viðhaldi lagnakerfa.

Undanfarið hefur nokkuð hallað undan fæti þegar Rb og NMÍ hefur verið lagt niður, Mannvirkjastofnun innlimuð í Íbúðarlánasjóð, vefurinn Lagnaval aflagður, bygginastjórar komnir með allar áfangaúttektir og í sumum tilfellum eru undirverktakar ekki kallaðir til, gæðakerfi sem liggja ónotuð uppí hillu, rætt um að afnema meistarakerfið og svo má telja áfram. Það er nú sem aldrei fyrr að halda utanum lagnamál með hagsmuni okkar og neytenda að leiðarljósi. Þeir sem vilja frekari upplýsingar sendi tölvupóst á: gretarl@internet.is.






PÍPULAGNIR
Fagmennska – Færni - Frumkvæði
srr@iav.is - GSM: 660 6201

PípuLeggjarinn
Alltaf hress – Til í allt!
Nýlagnir - Breytingar - Viðhald - Gaslagnir
Símar: 897 8775 - 775 2111 - pipuleggjarinn@gmail.com

B.Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690

Tröllalagnir ehf.
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

PÍPULAGNIR
SAMÚELS & KÁRA EHF

Press Lagnir ehf
Presslagnir ehf.
Funafold 29 - 112 Reykjavík
GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is

FLÆÐI
Pípulagnir ehf.
MAGNÚS Á. MAGNÚSSON
PÍPULAGNINGAMEISTARI
Flæði pípulaginir ehf.
Svæði - 620 Dalvík -
S. 466 1401/898 5524
maggisvaedi@simnet.is

RENNSLI ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is

HÚSA LAGNIR
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Húsalagnir ehf.
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

Gaui píp ehf
Skipasundi 1 - 104 Reykjavík
GSM 821 5789 - gauipipari@gmail.com

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

króm og hvítt
Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

STOFNLAGNIR
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Stofnlagnir ehf.
Viðarrima 19 - 112 Reykjavík
GSM 660 0499 - wc@islandia.is

LAGNAVIRKJUN ehf.
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI
Bæjargil 63 - 210 Garðabær
GSM: 847 7128 - lagnavirkjun@internet.is

vatnsidnadur.net
vatnsidnadur@vatnsidnadur.is

GG Lagnir
Grundagötu 56 - 350 Grundarfirði
GSM 894 2774 - gxg@simnet.is

MIÐSTÖÐIN
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is

Vatn og pípur ehf.
Sigurður Úlfar Sigurðsson, pípulagningameistari
Skjólbraut 3a - 200 Kópavogi
GSM 788 044 – vatnogpipur@gmail.com

S.O.S lagnir ehf.
S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18
110 Reykjavík
GSM 693 9000
sos@soslagnir.is

aquatherm
hawle
MAINCOR
wilo
VATN & VEITUR
Smiðjuvegi 68 - 72 Kópavogi
Bolafæti 1 Reykjanesbæ

LÖGGILDINGU Í ÍSLENSKUM BYGGINGARIÐNAÐI


**RÖRLEGGJARINN ehf.**
Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík
GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

**GG LAGNIR ehf**
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
stofnað 1988
Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

**NESLAGNIR ehf**
Pípulagnaþjónusta
Bergási 12 – 260 Reykjanesbæ
GSM: 698 6309 – neslagnir@internet.is

**HS pípulagnir ehf.**
Smiðjuvegur 4
200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@hive.is

**Villi pípari ehf**
GSM: 8240434
Suðurhraun 4 - 210 Garðabær - villi@villipipari.is

litlalagna.is
**LITLA LAGNAÞJÓNUSTAN**

**SB Pípulagnir ehf**
pípulagnaþjónusta
skipaþjónusta
Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870
Netfang stefanbr@simnet.is

**Mjög lagnir ehf.**
Kópavogsbraut 62
200 Kópavogi
GSM 661 3338
& 853 0273
mjoglagnir@gmail.com
MJÖG LAGNIR

**lagnaafl**
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
Almannakór 6 – 203 Kópavogi
GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafl.is

**Meistaralagnir ehf**
Pípulagnir S: 893 9110
Bæjarflöt 8a – 112 Reykjavík
GSM: 893 9110 – lmk@simnet.is

Flugumýri 30 – Mosfellsbæ
GSM: 771 7100
sigurdur@kraftlagnir.is
**KRAFTLAGNIR ehf.**
pípulagningaverktakar

**AH pípulagnir ehf.**
- Suðurhrauni 12c
- 210 Garðabæ
- Sími 555 7012
- GSM. 822 7100
pipari@pipulagnir.is
AH PÍPULAGNIR

**Sþ pípulagnir ehf.**
Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585
Sigurdur.pipari@gmail.com

**Benni pípari ehf**
Pípulagningaverktaki
Bolafæti 9 – 260 Reykjanesbæ
GSM 842 6000
bennipip@simnet.is

**JOHNNY PÍPARI**
Mávanesi 13 - 210 Garðabæ
GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com

**HÚSASMIÐJAN**
HLUTI AF BYGMA
**Allar verslanir opnar**
Ath: Breyttur afgreiðslutími - sjá husa.is
**Allir velkomnir í 16 verslanir um land allt og vefverslun**
Virðum fjöldatakmarkanir og leiðbeiningar Almannavarna


GRUNDFOS

Þekking og
traust samstarf
í áratugi
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Draghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is
ALFA LAVAL


# SALUS gólfhitastýring frá Vatnsvirkjanum – Stýrðu og fylgstu með hitanum í símanum

Í sinni einföldustu mynd gerir SALUS Smart Home kerfið kleift að stjórna upphitunarkerfinu hússins hvar og hvenær sem er með forriti úr snjallsímanum, spjaldtölvunni eða tölvunni. Hitastýringin er kjarninn í virkni Smart Home kerfisins sem skilar sér í lægri orkunotkun ef kerfið er rétt stillt. Einfaldur hitastillir með snjallri hitastýringu tryggir að heimilið sé alltaf við þægilegt hitastig og dregur úr sóun með því að hita einungis ákveðin rými þegar og þar sem þörf er á. SALUS Smart Home býður upp á þrjár tegundir af hitunarlausnum. Val á milli rafmagns-, ofna- og gólfhitakerfa. Öllum kerfunum er hægt að stjórna hvar sem er í gegnum snjallsímann, spjaldtölvuna eða tölvuna.
Engin ástæða er til að full hita autt húsnæði t.d. bústaðinn, þegar hann er ónotaður, hægt er að stilla niður hitann ef húsnæðið er ónotað og stilla og stýra kerfinu til að hita það upp áður en komið er næst.
Salus snjallhitakerfi veitir þægindi, lækkar kostnað og minnkar umhverfisáhrif við upphitun.
Uppsetning á upphitunarstýringum er grunnur sem auðvelt er að bæta við og fullnýta möguleika SALUS Smart Home kerfisins með því að bæta við búnaði. Uppsetning og tenging á búnaði er einföld og auðveld. Búnaðurinn er tengdur þráðlaust við SALUS Universal Connection Gáttina og fjarstjórnað með notendavænu SALUS Smart Home appinu, þá er hægt að aðlaga kerfisaðgerðir nákvæmlega að þörfum hvers og eins. Einfaldur en öflugur hugbúnaður gerir síðan kleift að búa til nákvæmar aðgerðir hvort sem óskað er eftir auknu öryggi og/eða þægindum.




**Meðal annars er hægt að fá eftirfarandi búnað í Salus kerfinu: Hurða- og gluggaskynjara, reykskynjara, vatnsskynjara, relay til að stjórna allt að 16A tækjum (on/off), tvívirk relay.**



*Frekari upplýsingar um SALUS stýrikerfið veitir Önundur Jónasson, sérlegur SALUS sérfræðingur hjá Vatnsvirkjanum.*

# SECESPOL varmaskiptar frá Vatnsvirkjanum

SECESPOL eru hágæða varmaskiptar frá pólska framleiðandanum Secespol. Þeir eru fáanlegir í öllum stærðum og henta fyrir hitaveitukerfi, neysluvatnskerfi, snjóbræðslukerfi, varmaendurvinnslu, sundlaugar, iðnað og aðrar íslenskar aðstæður þar sem þörf er á varmaskiptum. Vinsamlegast snúið ykkur til sérfræðinga Vatnsvirkjans sem aðstoða fúslega við val á rétta varmaskiptinum fyrir viðkomandi verkefni.








**Umhverfisvænn frostlögur**

fyrir hita og kælikerfi

- Vörn gegn frosti og tæringu
- Hentugt fyrir alla málma
- Eykur endingartíma
- Kemur í veg fyrir gerlamengun
- Vörn allt niður að -30°C
- Engin eiturefni-umhverfisvænt
- Léttir dælingu

FERNOX
LÆTUR VATNIÐ VINNA

Hringás

Heildsöludreifing
Skemmuvegur 10 • Sími 567-1330
www.hringas.is

# Tengi afhendir Isavia á Keflavíkurflugvelli stærstu frístandandi alsjálfvirku fituskilju á Íslandi

**Það er ánægjulegt að geta þess að Tengi og Kessel fagna á þessu ári farsælu 30 ára samstarfi**



Á dögunum afhenti Tengi ehf. Isavia á Keflavíkurflugvelli stærstu frístandandi fituskilju sem seld hefur verið og sett upp á Íslandi. Fituskiljan Easy Clean NS30 er framleidd af Kessel í Þýskalandi, en Tengi er sölu- og umboðsaðili fyrir Kessel á Íslandi.

Þessi magnaða fituskilja býr yfir þeim kostum að vera alsjálfvirk. Einn af aðalkostunum er að ekki þarf að opna skiljuna við tæmingu, skolun og áfyllingu. Viðvörunarbúnaður sér um að vakta fitulag, botnfall og hitastig. Búnaðurinn lætur vita þegar komið er að tæmingu skiljunnar ásamt því að vakta að allt sé eins og það á að vera. Sérstakur búnaður sér um að að hringrása kerfinu fyrir tæmingu. Dælur utaná skiljunni hakka grófar matarleifar sem setjast á botn skiljunnar og dæla grófari úrgangi til móts við dælubíl. Eftir tæmingu fer í gang sjálfvirk vatnsáfylling.

Halldór Fannar Halldórsson, vörustjóri Tengis, var verkfræðingum og fagaðilum innan handar við valið á rétta búnaðinum.

Í heild hefur aðdragandinn að þessu verki spannað rúmt ár og það var því sannkallaður gleðidagur þegar fituskiljan var loksins afhent verkkaupa. Kessel er einn fremsti framleiðandi heims á dælubrunnum, fituskiljum og olíuskiljum. Fyrirtækið var stofnað 1963 og er með höfuðstöðvar í Lenting í Þýskalandi.

# Pípulagningamenn eru ekki á atvinnuleysisskrá

Eins og flestum er kunnungt þá heldur Vinnumálastofnun utan um skráningar og greiningar varðandi atvinnuleysi hérlendis. Fram kom m.a. í viðtali við Birnu Guðmundsdóttur, deildarstjóra gagnagreiningardeildar Vinnumálastofnunar í fréttum RÚV í byrjun marsmánaðar, að aukning atvinnuleysis væri hægt og bítandi á undanhaldi þessa mánuðina. Um 22 þúsund manns eru nú á atvinnuleysisskrá.

Þegar Birna var að fara yfir starfsgreinar þar sem atvinnuleysi er, m.a. ýmsar starfsgreinar byggingariðnaðarins, tók blaðamaður Fréttapíps sérstaklega eftir því að pípulagningamemm voru ekki þar á meðal.







# Sæplast Iceland á Dalvík framleiðir búnað fyrir frárennsliskerfi og vatnsveitur landsins

Sæplast Iceland ehf. hefur um árabil framleitt fráveitubrunna, rotþrær og vatnstanka í mörgum stærðum og gerðum, allt frá notkun fyrir sumarbústaði upp í notkun fyrir stærri hús eða byggðakjarna. „Nú þegar framkvæmdatíminn gengur í garð," segir Friðrik Vilhelmsson, sölustjóri byggingarvara hjá Sæplasti, „þá mjög mikilvægt að skipuleggja framkvæmdirnar vel, velja vandaðar vörur í viðkomandi að- og fráveitur og svo tryggja að allur frágangur sé samkvæmt reglum sem um þær gilda. Á heimasíðu fyrirtækisins,www.saeplast.is, má finna fjölþættar upplýsingar um hvernig skuli staðið að verki. Síðan bendum við fólki að sjálfsögðu á það að leita til fagaðila í pípulögnum varðandi lagnir og frágang," segir Friðrik. „Segja má að stór hluti af framleiðslu byggingavara Sæplasts sé seldur í dreifbýli, sér í lagi rotþrærnar og tankar fyrir vatnsveitur. Þá er um að ræða allt frá litlum vatnsveitum fyrir einstaklinga; hús eða sveitbýli, upp í stórar vatnsveitur þar sem gjarnan eru raðtengdir saman tankar af stærstu gerð. Það er mjög mikil gróska í sumarhúsabyggingum í landinu og við finnum fyrir mikilli og vaxandi eftirspurn sumarbústaðaeigenda sem bæði þurfa að huga að neysluvatnsöflun og fráveitum. Grundvallaratriði er að vanda vel til verks í upphafi, enda skiptir öllu máli að þessi atriði séu í lagi þegar á þarf að halda," segir Friðrik. „Það er komin áratuga reynsla á notkun rotþróa frá okkur og virkni þeirra byggist ekki upp á neinum utanaðkomandi vélbúnaði. Fráveitubrunnar eru vörur sem nýtast í tengslum við húsbyggingar gatnagerðarframkvæmdir í þéttbýli. Sala þessara vara er því beintengd framkvæmdamagni í húsbyggingum á hverjum tíma. Stærstur hluti okkar framleiðslu er í stöðluðum stærðum og útfærslum og seldur í gegnum smásöluaðila út um allt land. Öll framleiðsla okkar er vottuð samkv. ISO 9001 staðli og CE vottuð þar sem um slíkt er að ræða. Vörur okkar fást í öllum helstu byggingavöruverslunum landsins og höfum við alla tíð lagt mikla áherslu á að þjóna þessum birgjum okkar eins og best verður á kosið. Í sumum tilfellum þarf þó að mæta sérstökum óskum viðskiptavina um útfærslur á búnaði og þá leita viðskiptavinir í mörgum tilfellum beint til okkar um slíka þjónustu," segir Friðrik sölustjóri sð lokum.







*Mynd t.f.v. Friðrik Vilhelmsson, sölustjóri og Árni Stefánsson yfirmaður samsetninga og plastsmíðaföndurs hjá Sæplasti. Á myndinni efst til hægri sést yfir hluta útilagersvæðis Sæplasts. Á stóru myndinni er sýnishorn af mikilfenglegri rotþró sem síðan er sett upp á þar til gert flutningatæki sem er engin smásmíð.*

# Innréttingar & tæki bjóða sturtubotna frá GALA



Sturtubotnarnir frá spænska merkinu Gala eru sívinsælir enda sameinast þar gæði og fagurfræði í einni heilli flís. Þeir eru ótrúlega þunnir og falla vel að nútímahönnun baðherbergja. Botnarnir eru gegnheilir og afar sterkbyggðir og endingargóðir. Þeir eru framleiddir úr granít/stonex/resinefni. Yfirborð sturtubotnanna er þakið með stamri gelkvoðu, sem gerir það að verkum að botninn er með afar stöðugu undirlagi. Þeir koma einnig með innbyggðum halla sem einfaldar alla uppsetningu til muna. Litaúrvalið á botnunum er frábært, en hægt er að velja um 15 mismunandi liti. Upplýsingar fást á www.i-t.is.

**Litapalletan yfir sturtubotnana frá GALA**










**Öflugur floti sérhæfðra tækja til þjónustu fyrir viðskiptavini**

# HP Gámar og Hringrás sameinast í öflugu fyrirtæki á sviði sorphirðu og endurvinnslu




Um síðustu áramót sameinuðust HP Gámar og Hringrás. Við sameininguna jókst þjónustuframboðið til mikilla muna, sem gerir það kleift að bjóða heildarlausn fyrir fyrirtæki og einstaklinga hvað varðar sorphiðu og/eða framkvæmdir. Hvort sem um ræðir einstök tímabundin verkefni eða langtímaleigu með reglulegri losun. Fyrirækið sérhæfir sig í hverskyns sorphirðu, ásamt móttöku á öllum málmum, bílum, raftækjum, dekkjum og fleiru sem hentar til endurvinnslu. Fyrirtækið getur boðið upp á allt frá reglulegri losun á 240 lítra tunnu og upp í það að rífa niður heilu húsin; flokka og farga því sem til fellur með viðeigandi hætti. Áhersla er á persónulega þjónustu og vandaða ráðgjöf. Hafið samband í síma 421 5005, www.hpgamar.is og í síma 550 1900, www.hringras.is. Þjónustu-fulltrúar okkar bjóða ykkur velkomin í viðskipti og fylgja ykkur að réttri lausn.

# Nýsköpunarmiðstöðin var valin fyrirmyndar-stofnun ársins 2020

Valið á Stofnun ársins 2020 var tilkynnt í gegnum streymi 14. október sl. en titlana „Stofnun ársins“ og „Fyrirmyndarstofnun“ hljóta þær stofnanir sem þykja skara fram úr að mati starfsmanna í könnun Sameykis stéttarfélags í almannaþjónustu. Könnunin náði til um 12 þúsund starfsmanna í opinberri þjónustu, bæði hjá ríki, borg, sveitarfélögunum og sjálfseignarstofnunum. Unnin í samstarfi við Fjármála- og efnahagsráðuneyti og miðlar upplýsingar um stöðu fólks á vinnumarkaði.




*Mynd af kjörorðum Nýsköpunarmiðstöðvarinnar og t.h. nýtt RB-blað um rakaöyrgi.*

Sköpun
Snerpa
Samstarf








# Símenntun í iðnaði

**Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS

- NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
- NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
- TÖLVUNÁMSKEIÐ
- TÖLVUSTUDD HÖNNUN
- BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
- HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
- BÍLGREINASVIÐ
- MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
- MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
- PRENTTÆKNISVIÐ

IÐAN fræðslusetur
www.idan.is

# STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

STOÐ PALLALEIGA



REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI

TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN MEÐ SÉREIGNARSPARNAÐI

Kynntu þér málin á birta.is

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta.is



**Íslenska frárennslisrörið**

Vöruhús Set í Reykjavík
Klettagörðum 21

Sími: 480 2700 | sala@set.is | www.set.is

Set ehf • Röraframleiðsla



**Tengigrindur** af öllum stærðum og gerðum

Við bjóðum tengigrindur sem eru sérstaklega hannaðar fyrir **íslenskar aðstæður**.

Tengigrindur fyrir **neysluvatn**, ofnhita, **heita potta**, snjóbræðslu, einbýli, **fjölbýli** o.fl.

ENGINEERING TOMORROW — Danfoss

**Danfoss hf** Skútuvogi 6, Reykjavík